

***Próf í verðbréfavíðskiptum  
A-hluti***

**Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)  
Félagaréttur (30%)**

**Miðvikudagur 14. nóvember 2001 kl. 16:00-20:00**

*Leyfileg hjálpargögn:  
Í A-hluta er eingöngu leyfilegt að hafa lög og reglugerðir.  
Það er leyfilegt að hafa lög útprentuð af Netinu.*

*Prófið er í tveimur hlutum.  
Vinsamlegast skilið hvorum hluta á sér próförk,  
gætið þess að merkja prófblöðin og hverja próförk með prófnúmeri.*

*Munið að slökkva á farsímum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á borðum.*

\*\*\*\*\*

**1. Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)**

- a) Rekið stuttlega hvernig rétti og skyldu er skipt milli aðila í kröfuréttarsamböndum þegar tveir eða fleiri eru kröfuhafar eða tveir eða fleiri eru skuldarar (15%).
- b) Skilgreinið hugtakið *loforð* og gerið grein fyrir helstu efnisatriðum hugtaksins (15%).
- c) Lýsið meginreglum og sjónarmiðum um kröfuhafaskipti og skuldaraskipti (skuldskeytingu) (15%).
- d) Rekið helstu ástæður þess að kröfuréttindum lýkur og þau falla niður (25%).

**2. Félagaréttur (30%)**

- e) Fjallið um lögaðila, tilurð þeirra og þýðingu rétthæfis (15%).
- f) Gerið grein fyrir hlutverki félagsstjórnar í hlutafélögum og helstu skyldum hennar (15%).